

279. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 2. október 2023 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri og Lárus Ársælsson umhverfisstjóri.

Fundargerð ritaði: Lárus Ársælsson, umhverfisstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2308070 - Endurgerð gatna 2024

Tillaga um undirbúning framkvæmda í viðhaldi gatna 2024.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um að hefja undirbúning að endurgerð Kalmansvalla á árinu 2024, vegna beiðni Veitna um endurnýjun á lögnum. Einnig að undirbúa endurgerð á Stillholti við Dalbraut og Laugarbraut.

2. 2306149 - Vatnsrannsóknir á Akranesi

Tillaga um næstu skref í vatnsrannsóknnum.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fela Verkís að halda áfram með vatnsrannsóknir á Akranesi. Lögð er áhersla á eftirfarandi verkþætti:

-Halda áfram mælingum í vetur með síritum og vettvangsmælingu í sýnaholum til að öðlast meiri skilning á grunnvatnsstreyminu á svæðinu.

-Finna skýringu á hárrí vatnsstöðu í lóðum milli Vesturgötu og grjótgards, s.s. með könnunarholum, og skoða lekt jarðlaga og fyllinga.

-Kanna betur hugsanlegan uppruna grunnvatns með sýnatöku úr sýnaholum og efnagreiningu.

-Kanna skýringar á háu hitastigi á grunnvatni á svæðinu, m.a. við Grundartún. Umhverfisstjóra er falið að hafa umsjón með verkefninu.

3. 2309268 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2024 - 2027

Drög að Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2024.

Sviðsstjóri fór yfir drög að fjárfestinga- og framkvæmdaráætlun 2024.

4. 2309230 - Sundabraut - aðalskipulagsbreyting og umhverfismat

Sundabraut - aðalskipulagsbreyting og umhverfismat. Verklýsing Reykjavíkurborgar til kynningar.

Skipulags- og umhverfisráð felur skipulagsfulltrúa að vinna umsögn vegna aðalskipulagsbreytingar vegna fyrirhugaðar framkvæmdar við Sundabraut.

5. 2212011 - Þjóðvegur - breyting á götunafni

Hugmyndir að breyttu nafni á gamla Þjóðveginn sem liggur frá Æðarodda að Hausthúsatorgi.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að vegurinn frá Hausthúsatorgi að Akrafjallsvegi við Höfðasel, sem núna nefnist Þjóðvegur, fái nafnið Elínarvegur.

6. 2309273 - Tilkynning um truflun á umferð

Kynning á tilkynningarferli vegna truflunar á umferð

Umhverfisstjóri kynnti form í þjónustugátt Akraneskaupstaðar sem tryggir að upplýsingar um lokun á umferðargötum frá framkvæmdaraðilum berist til aðila sem sinna neyðarþjónustu og fólksflutningum.

7. 2309220 - Skógarlundur 5 hækkun á nhl lóðar - umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn lóðarhafa að Skógarlundi 5 um að hækka nýtingarhlutfall lóðarinnar í 0.38 úr 0.35. Heimilað byggingarmagn verður 323.8 fermetrar. Annað er óbreytt.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir lóðarhöfum að Skógarlundi 2, 3, 4, 6 og 7.

8. 2309227 - Skógarlundur 7 hækkun á nhl lóðar - umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn lóðarhafa að Skógarlundi 7, um að hækka nýtingarhlutfall í 0.38 úr 0.35. Heimilað byggingarmagn verður 316.5 fermetrar. Heimilt verði að fjórðungur hússins verði stallaður. Annað er óbreytt.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir lóðarhöfum að Skógarlundi 5, 4, 6 og 8.

9. 2309252 - Deiiskipulag Akratorgsreit Kirkjubraut 1 - umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn lóðarhafa að Kirkjubraut 1, um að fremri byggingin á lóðinni við Kirkjubraut 1 verði í heild sinni klædd að utan með báruklæðningu, með þeim formerkjum að allur frágangur á klæðningu verði í samræmi við byggingarstíl frá þeim tíma sem húsið er byggt.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir lóðarhöfum að Kirkjubraut 2, 3 og 4-6, Skólabraut 37 og Heiðargerði 6 og 8.

10. 2309253 - Kirkjubraut 4-6 n.h. breyting í íbúðir - umsókn til skipulagsfulltrúa

Fyrirspurn frá lóðarhafa að Kirkjubraut 4-6, um breytingu á neðri hæð húss. Í breytingunni felst að rými sem nú tilheyrir verslun og þjónustu á jarðhæð verði breytt í þrjár íbúðir með aðkoma bæði frá Kirkjubraut og Suðurgötu.

Skipulags- og umhverfissráð tekur neikvætt í fyrirspurnina, þar sem fyrir liggur stefnumótun í aðalskipulagi um miðbæjarstarfsemi á svæðinu.

11. 2207011 - Deiliskipulag Dalbrautarreitir - norðurhluti

Skipulagslýsing lögð fram vegna breytingar á deiliskipulagi Dalbrautar - Þjóðbrautar. Breyting á svæðinu felst í uppbyggingu íbúðabyggðar en í Aðalskipulagi Akraness 2021- 2033 er svæðið skilgreint sem íbúðabyggð, svæði ÍB - 141.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagslýsingin verði auglýst og kynnt.

12. 2308058 - Umhverfisviðurkenningar 2023

Tillögur um Umhverfisviðurkenningar 2023

Skipulags- og umhverfisráðs samþykkir veitingu Umhverfisviðurkenninga 2023. Viðurkenningar verða afhentar við setningu Vökudaga.

13. 2205012 - Umferðaröryggi - stoppistöð við Háholt

Farið yfir bréf frá foreldrafélagi Brekkubæjarskóla er varðar framkvæmdir í íþróttahúsi og umferðaröryggi. Tillaga umhverfisstjóra um breytta staðsetningu á stoppistöð við Háholt

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að stoppistöðin verði færð til austur eftir Háholti til móts við Brekkubraut. Tillagan verði send á hagsmunaaðila til kynningar.

Umhverfisstjóra falið að skoða gönguleiðir í nágrenninu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:30.